



Rauði krossinn

Berist til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar  
Frá Stjórn Rauða krossins í Reykjavík  
Reykjavík, 23. janúar 2020

**Efni: Framtíð Konukots og rekstur þess**

Frá 10. desember 2004 hefur Rauði krossinn í Reykjavík annast rekstur Konukots, neyðarskýlis fyrir heimilislausar konur við Eskihlíð 4, 105 Reykjavík.

Forsaga athvarfsins er sú að gerðar voru þarfagreiningar og rannsóknir sem leiddu í ljós að fjöldi heimilislausra kvenna væri á vergangi í Reykjavík. Taldi stjórn Rauða krossins í Reykjavík mikilvægt að opna athvarf hið fyrsta og gekk það eftir. Allt frá upphafi hefur verið mikið og gott samstarf Rauða krossins í Reykjavík við Reykjavíkurborg. Velferðarsvið borgarinnar útvegaði starfseminni húsnæði og var um að ræða tilraunverkefni til tveggja ára sem endurskoða ætti að þeim tíma loknum, með aðkomu borgarinnar eða mögulegri yfirtöku. Rauði krossinn rekur athvarfið enn þann dag í dag, í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg.

Skjólstæðingahópur Konukots hefur stækkað töluvert í gegnum árin. Á þeim rúmu 15 árum sem starfsemi Konukots hefur verið í rekstri hafa miklar breytingar átt sér stað innan athvarfsins. Árið 2005 nýttu 42 konur sér athvarfið í 977 nætur en á nýliðnu ári voru konurnar 112 sem nýttu sér athvarfið, þar af 48 sem ekki höfðu nýtt sér athvarfið áður, og gistenæturnar töldu 3.616.

Að sama skapi hefur rekstrarumhverfi Konukots breyst verulega. Reykjavíkurborg greiðir að mestu leiti rekstur athvarfsins og á síðustu árum hefur verið gerð ríkari krafa um að draga úr ábyrgð sjálfboðaliða og hlutverk starfsmanna aukist samhlíða. Með því hefur dregið verulega úr þeirri sérstöðu sem Rauði krossinn hefur upp á að bjóða, en öll verkefni Rauða krossins eru sjálfboðaliðadrifin og er það meginforsenda þess að Rauði krossinn haldi úti verkefnum að þau séu fyrst og fremst mönnuð sjálfboðaliðum. Verkefnið Konukot hefur þroskast í gegnum árin og tími til kominn að endurskoða það hlutverk sem Rauði krossinn hefur í rekstri neyðarathvarfsins.

Við erum stolt af því starfi sem starfsfólk okkar og sjálfboðaliðar hafa unnið innan Konukots. Við erum einnig mjög ánægð með það góða samstarf sem Rauði krossinn í Reykjavík hefur átt við Velferðarsvið Reykjavíkurborg og þann góða skilning á hlutverki okkar sem mannúðarhreyfing í starfi með heimilislausum konum.

Á síðasta stjórnarfundu Rauða krossins í Reykjavík var sú ákvörðun tekin að koma rekstri Konukots farsælega yfir á hendur annarra rekstraraðila. Verkefnið hefur vaxið, þjónustan aukist og skilningur á mikilvægi skaðaminnkunar með mannúð á leiðarljósi er sífellt að aukast. Við erum því tilbúin að stíga til hliðar og afhenda keflið til þeirra sem eru tilbúin að fylgja eftir því starfi sem við í Rauða krossinum höfum komið á fót. Við erum jafnframt reiðubúin til frekara samstarfs á nýjum vettvangi hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar þar sem þekking, reynsla og aðkoma Rauða krossins getur átt við.

Með von um farsæla yfirfærslu Konukots og þökk fyrir gott samstarf,

Árni Gunnarsson  
formaður Rauða krossins í Reykjavík



Hluti af Alheimshreyfingu  
Rauða krossins

Icelandic Red Cross  
Cruz Roja Islandesa  
Croix-Rouge Islandaise

Efstaleiti 9  
103 Reykjavík  
Iceland

Simi/Tel: (354) 570 4000  
Fax: (354) 570 4010

E-Mail: central@redcross.is  
Website: www.redcross.is